

Kveisubeltið

Textinn á blaðinu er á latínu og íslensku. Fyrstu orðin á íslensku eru þessi: „Í nafni föður, [sonar] og anda heilags særi ég af þeim [...] Guðs [...] á sér allar kveisu meinsemdir. Ég særi hér allt hið vonda til að flýja, að dofna, að dvína, ég mana, ég særi, ég deyfi, ég stefni öllum vondum hlutum hvort þeir eru úr jörðu eða af lofti úr skýjum eður af dufti jarðar eður álfa eður ofan [...] eður af hverjum djöfuls díkjum sem til kunna að koma ...“



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN
Júlí 2014
Sigríður H. Jörundsdóttir/ Halldóra Kristinsdóttir

Pappírshandrit og skinnblöð

Sumarsýning handritasafns Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns 2014

Í forsal Íslandssafns



Endurnýting skinns

Eftir að pappír tók við af skinni var mjög algengt að gömul skinnhandrit væru nýtt til að binda pappírshandritin inn. Skinnhandritið var þá skorið til, gatað og saumað þannig að það passaði utan um það handrit sem átti að binda inn.

Meðal þess sem sjá má á sýningunni er handritið Lbs 312 4to. Það inniheldur annál og var skrifað um 1733. Utan um þetta handrit var notað skinnblað sem hefur að geyma brot úr messusöngbók.

Galdrar og rúnir

Fjölmörg handrit sem innihalda galdrastafi og rúnir eru varðveitt á handritasafni. Handritin eru oft illa farin en það er til marks um mikla notkun þeirra. Mörg þessara handrita eru samtíningshandrit og oft er að finna læknisráð í þessum handritum sem í dag myndu teljast til kredduráða.

Þrjú skinnblöð

Kringlublaðið er eina blaðið sem varðveitt er úr gömlu Heimskringluhandriti sem talið er ritað um 1260. Það rataði til Stokkhólms en Svíakonungur færði Íslendingum það að gjöf árið 1975.

Annað handritsbrotið kemur úr enskum saltara, skrifuðum um 1300. Saltarinn var tekinn í sundur og notaður í bókband; varðveitt eru 32 skinnblöð á Íslandi úr þessum saltara.

Þriðja handritsbrotið er Kveisubeltið svokallaða. Það er skinnlengja með bæn gegn kveisu, skrifuð um 1600. Líklega hafa slík blöð verið nokkuð algeng á sínum tíma, en voru flest gerð upptæk í galdraofsóknum 17. aldar og er þetta brot það eina sem varðveist hefur á Íslandi, svo vitað sé.

Pappírshandrit

Á sýningunni gefur einnig að líta ýmis síðari tíma pappírshandrit. Meðal þeirra er eiginhandarrit Hallgríms Péturssonar að *Passíusálmunum*, eiginhandarrit Halldórs Laxness að *Íslandsklukkunni* og fagurlega skreytt Snorra-Edda frá 1764.



ÍB 299 4to. Snorra-Edda.